

Aðalstjórnarfundur UMFT

12. febrúar 2008 20:00

Mætt: Ómar Bragi, Magnús, Elínborg, Jakob og Gunnar

Jakob fer yfir handbók unglíngaráðs Körfuknattleiksdeildar. Tekur til þá punkta sem snúa að félaginu í heild (sjá hér að neðan). Gunnar segir frá því að ÍSÍ muni veita Körfuknattleiksdeildinni staðfestingu á "Fyrirmyndardeild innan ÍSÍ". Karl Jónsson yrði tilbúinn að segja frá starfi unglíngaráðsins og Aðalstjórn leggur til ályktun um að allar deildir félagsins stefni saman í að félagið verði fyrirmyndarfélag ÍSÍ innan þriggja ára.

Ómar Bragi tekur að sér fundarstjórn á Aðalfundar. Ómar vill áfram vera varamaður í stjórn. Arnar Halldórsson vill vera áfram í varastjórn.

Ómar Bragi leggur til að Aðalfundur skipi nefnd sem fara yfir félagatal og leggi til útfærslu á meðhöndlun félagsgjalds.

Jakob les upp erindi frá Karli Jónssyni þar sem hann leggur til breytingar á fyrirkomulagi við úthlutun. Farið yfir málið. Stjórnin sér ekki hvernig UMFT getur leyst málið án þess að Sveitarfélagið geri sambærilega hluti og þar með Árskóli og FNV. Formaður tekur að sér að taka málið fyrir á íþróttahúsráðsfundi og hvetja til að skipulagið fyrir næsta ár verði tilbúið fyrr en verið hefur.

Jakob les upp erindi frá Karli Jónssyni vegna búningamála unglíngaráðs Körfuknattleiksdeildar. Aðalstjórn vill halda sig við rústrauða litinn í búningum. Stjórnin leggur til að unglíngaráðið finni leiðir til að nota litina sem hefðin hefur skapað fyrir félagið. Magnús gerir það að tillögu að reglur um aðalbúninga félagsins verði sett í lög félagsins. Elínborg hefur áhuga á að ná samstöðu félagsins um búningamálin. Elínborg tekur að sér að boða fulltrúa á fund.

Rætt um styrki frá Sveitarfélaginu sem eru samkvæmt fundargerðum sérstaklega ætlaður unglíngastarfi.

Jakob og Gunnar taka að sér að senda út boðskort fyrir aðalfund. Gunnar tekur að sér að gera auglýsingu í sjónhornið á morgun. Boða íþróttafólk frá öllum deildum, boða þá aðila sem gera á að heiðursfélögum og fulltrúa sveitarfélagsins.

Á dagskrá: Lagabreytingar, íþróttamaður ársins 2007, afhending viðurkenningar frá ÍSÍ til Körfuknattleiksdeildar.

Næsti fundur kl. 19:30 næsta mánudag 18. feb. Boða formenn og varamenn.

Önnur mál: Að sögn Ómars Braga þá eru ýmsar deildir að biðja Skúla að vinna fyrir sig. Skúli fær eingöngu greitt frá Knattspyrnudeild og þörf er á að fara yfir málið. Þurfum að taka upp málið á næsta formannafundi.

Rætt um vefsíðumál. Jakob tekur að sér að vera í sambandi við Valbjörn Geirmundsson vegna vefsíðunnar. Hann hefur hug á að skipuleggja kynningarfund með þjálfurum deilda svo að þeir noti vefsíðu félagsins fyrir samskiptin sína á milli og við iðkendur.

Punktur af fundi Jakobs og Karls sem Tindastóll þarf að huga að varðandi vinnu við "fyrirmyndarfélag" og almenna stefnumótun:

- Samráðsfundur þjálfa allra deilda hjá Tindastól
- Yfirþjálfara hjá Tindastól varðandi t.d. þolþjálfun
- Stefnumótun varðandi íþróttamál í heild í Skagafirði
- Atburðadagatal Tindastóls í heild
- Efnisgreinar frá aðalstjórn varðandi:
 - Félagsstarfið og félagsvitundina
 - Fjármál
 - Foreldrafélög / foreldrastarf